

Tilkynning um fyrirhugaða póstnúmerabreytingu

Bt. Sveitastjóra, Árborgar, Flóahrepps, Skeiða og Gnúpverjahrepps, Grímsnes og Grafnings og Bláskógabyggðar.

Ég sendi þetta bréf fyrir hönd Íslandspósts. Pósturinn hefur yfirráð yfir póstnúmerakerfinu og er það fyrst og fremst flokkunarkerfi Íslandspósts.

801 Selfoss er lang stærsta dreifbýlispóstnúmer landsins og eru þar nú 5 sveitafélög sem tilheyra 801 Selfoss. Þetta eru Árborg, Flóahreppur, Skeiða og Gnúpverjahreppur Grímsnes og Grafningshreppur og Bláskógabyggð. Búið er að kalla eftir að 801 verði skipt upp í fleiri póstnúmer í þó nokkurn tíma.

Flokkunarlega séð hefur það valdið vandræðum þar sem margir bæir bera sama bæjarnafn. Dæmi eru um að alnafnar búi á bæ með sama bæjarnafni og er þá hending hver fær rétta bréfið, því að engin leið er að tryggja að bréf sé dreift til rétts aðila.

Þetta hefur einnig valdið vandræðum og misskilningi hjá lögreglu og sjúkraflutningamönnum sem er afar slæmt.

Kosturinn við breytinguna er að í raun fær hvert sveitafélag sitt eigið númer. Áritunin verður þó áfram Selfoss.

Fyrirhugað er að gera þó nokkrara breytinga á póstnúmerum nú snemma í júní á þessu ári og því er ætlunin að gera þessa breytingu í leiðinni.

Eftirfarandi verður lagt til:

Var	Verður	Póstáritun	Sveitafélag/svæði
801	801	Selfoss	Árborg (óbreytt pnr)
801	803	Selfoss	Flóahreppur
801	804	Selfoss	Skeiða og Gnúpverjahreppur
801	805	Selfoss	Grímsnes og Grafningshreppur
801	806	Selfoss	Bláskógabyggð

Athugið að Íslandspóstur á og rekur póstnúmerakerfið og að þessar breytingar eru alfarið í höndum Íslandspósts og forðast skal að gera þetta að pólitísku bitbeini.

Engar aðrar breytingar eru fyrirhugaðar vegna dreifingar og íbúar og fyrirtæki þurfa ekki að gera neitt vegna þessa og verða lítið vör við breytingarnar, en við hvetjum alla til að nota nýju númerin frá fyrsta degi. Íslandspóstur mun tilkynna breytingar til Þjóðskrár og ja.is og mun áframsenda póst til íbúa/fyrirtækja þó að rangt póstnúmer sé á bréfum.

Ef þið hafið einhverjar spurningar vegna þessa þá megið þið senda þær á mig sem fyrst.

Fh. Póstnúmeranefndar Íslandspósts
Hannes Guðmundsson
hannesg@postur.is